



Morgunblaðið 15. Júní 1937: Ólafur Thors sannar skjallega að ráðherrann fer með lygi

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Alþýðublaðið – Ólafur Thors – Hermann Jónasson
Porsteinn Briem – Hilmar Stefánsson – Jón Sívertsen – Arthur Guðmundsson - Kristján Kristjánsson
Magnús Guðmundsson – Stefán Jóhann Stefánsson – Héðinn Valimarsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-1, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

NESODDA-FUNDURINN

Ólafur Thors sannar skjallega að ráðherrann fer með lýgi

Nesoddafundurinn átti að hefjast kl. 2 á laugardaginn, og hafði Hermann Jónasson boðað til hans. En jafnframt var fundurinn frambjóðendafundur, og voru mættir auk Þorsteins Briem, þeir Hilmari Stefánsson, Jón Sívertsen, Arthur Guðmundsson. Var þegar sýnt að fundurinn mundi verða all-langur, þar sem svo margir ræðumenn voru á fundinum. Enda stóð hann frá því kl. að ganga 4 og fram til miðnætis.

Beðið eftir klappliði úr öðrum hjeruðum.

Nokkru eftir að fundur átti að hefjast, var saman kominn mikill fjöldi manna á fundarstaðinn, að minsta kosti um 300 manns. En það vakti athyglifundarmanna að forsætisráðherrann virtist ekki reiðubúinn til að láta fundinn hefjast á tilsettum tíma, rjett eins og hann væri að bíða eftir einhverju. Nokkru upp úr kl. 3 sást til ferða rauðs kassabils, sem kom að sunnan, og þegar í stað er billinn fór að nálgast, tilkynti ráðherrann, að nú væri fundurinn settur. Er billinn kom á fundarstaðinn, fundu menn glögt hvað það var sem olli því að ráðherrann vildi ekki hefja fundinn á tilsettum tíma, því úr bílnum steig Vigfús vert Borgarnesi ásamt 25—30 öðrum Framsóknarmönnum úr Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, þar á meðal skólastjórnunum frá Reykholtsskóla og Hvanneyrarskóla. Var þar saman komið hið svokallaða klapplið Framsóknarmanna, og verður að viðurkenna að það gerði skyldu sína á fundi þessum, eftir því sem föng stóðu til, þó að nokkuð væri af því dregið í fundarlokin. En helstu afrek þessa klapp-liðs, ásamt klappliðs þess, er Hermann Jónasson hafði sjálfur komið með úr sínu kjördæmi, er var á milli 10 og 15 manns, voru þau, að klappa fyrir þeim Hermann og Hilmari, en gera klíð í fundarsalnum á meðan Þorsteinn Briem var að tala. Virtist og svo í öndverðu, sem svo hefði verið fyrirskipað að klapplið skyldi trufla ræður Ólafs Thors. En hvort sem svo hefir verið eða ekki, er víst um það, að úr

Hinn brennimerkti Hermann stendur varnarlaus - og flýr að lokum

Aldrei mun nokkur forsætisráðherra hafa orðið þjóð sinni til annarar eins minkunar og sjálfum sjer jafnt til skammar, eins og Hermann Jónasson hefir orðið nú þessa síðustu daga. Og aldrei mun nokkur stjórnmálamaður hafa staðið frammi fyrir almenningi jafn berstripaður ósannindamaður eins og Hermann Jónasson gerði á Nesodda á laugardaginn.

Langt er síðan nokkurt mál hefir vakið jafn óskifta athygli alls almennings í landinu, sem framkoma forsætisráðherrans í hinu svokallaða blóðbaðsmáli frá 9. nóvember 1932. Og langt er síðan almenningur hjer í Reykjavík hefir beðið með jafn mikilli óþreyju eftir fundarfregnum, eins og nú eftir fregnum af fundinum á Nesodda, þar sem Ólafur Thors fór til móts við Hermann Jónasson, en fundinn hafði Hermann boðað áður en hann gerðist ber að hinum staðlausu staðhæfingum á Hólmavíkurfundinum, sem nú eru orðnar landfrægar.

Hjer eru engin tók á að rekja til neinnar hlítar það sem gerðist á þessum fundi, enda verður ekki gerð nein tilraun til að lýsa öðmu en því sem sjerstaklega varðar hraktarir forsætisráðherrans í sambandi við blóðbaðsmálið.

því varð ekki, að undanskilinni einni tilraun sem að gerð var til að trufla ræðu hans, þegar hann hóf mál sitt. En Ólafur tók þannig á móti, að klappliðinu mun hafa verið um megn að gera skyldu sína í þessum efnunum.

Eftir að frambjóðendur höfðu talað, fjekk Ólafur Thors að halda hálf tíma ræðu í umboði Sjálfstæðisflokksins. Gerði hann almenna grein fyrir landsmálunum, er varði síðan seinni hluta ræðu sinnar til þess að gera upp reikningana við Hermann Jónasson út af blóðbaðsmálinu, og verður nú í stuttum dráttum gerð grein fyrir höfuðefni í þeim kafla ræðunnar.

Fyrsta ræða Ólafs Thors.

Fórust Ólafi orð eitthvað á þessa leið:

E rindi mitt á þennan fund er meðal annars, og jafnvel fyrst og fremst það, að fá tækifæri til að ræða frammi fyrir kjósendum í landinu við forsætisráðherra landsins um þær staðhæfingar, sem hann hafði í frammi á fundinum á Hólmavík fyrir nokkrum dögum, þar sem hann bar á mig að jeg hefði ætlað að stofna til blóðbaðs í Reykjavík út af atburðunum sem skeðu í Reykjavík í nóvember 1932, og öllum eru kunnar orðnar. Veit jeg, að alþjóð manna mun viðurkenna, að þegar sjálfur forsætisráðherra landsins ber það upp á formann stærsta stjórnmálaflokksins, að hann hafi

ætlað að fremja slíkt ódæisverk, sem það er að stofna til blóðbaðs innan fjóðfjölagsins að ástæðulausu, eins og forsætisráðherra beinlínis hefir sagt, þá verði ekki hjá því komist, að algerlega verði skorið úr því hvor það er, sem fer með rangt mál, forsætisráðherrann eða jeg.

Það, sem forsætisráðherrann sagði á fundinum á Hólmavík, og Alþýðublaðið hafði þá þegar eftir honum, og forsætisráðherrann hefir staðfest að væri rjett eftir sjer haft, er þannig:

Hólmavíkur-ummælin.

„Hvað ástandið var orðið alvarlegt fyrir kosningarnar 1934, sést best á því, að eftir 9. nóvember 1932 gaf Ólafur Thors dómsmálaráðherra fyrirskipun um það að kalla saman 400 manna lið í Sundhöllina að næturþeli og taka fasta og varpa í fangelsi 20—30 mönnum, sem talið var að hefði staðið að óeirðunum, og þar á meðal nokkra foringja Alþýðflokksins. Handtökurnar skipaði Ólafur Thors að framkvæma kl. 6 að nóttu. Jeg neitaði sem lögreglustjóri að framkvæma þessa skipun, og úrskurðaði mig úr málinu og Kristján Kristjánsson, sem skipaður var setudómari, hafði líka vit fyrir Ólafi Thors. Hann neitaði líka að framkvæma þetta verk. Enda hefði það sennilega leitt blóðbað yfir Reykjavík“.

Strax og jeg las þessa fregn, símaði jeg forsætisráðherrann

um og spurðist fyrir um það, hvort að þessi ummæli væru rjett höfð eftir honum, og kvað hann það vera. Jeg símaði forsætisráðherra aftur, og sagði honum, að svo framarlega sem hann ekki tæki þau aftur þegar í stað, þá mundi jeg stefna honum tafarlaust. Forsætisráðherra hefir nú tekið það ráð, að bera sig mannalega, og hefir nú síðan fyrirskipað lögreglurannsókn í málinu, til þess að fá úr því skorið hvor okkar segir satt.

Undirspil Alþýðu- og Tíma-blaðsins.

Þegar fregnirnar um staðhæfingar forsætisráðherrans á Hólmavíkurfundinum bárust til Reykjavíkur, birti Alþýðublaðið þegar í stað langa grein um þetta mál, með 6 dálka fyrirsögnum, á þessa leið:

„Ofbeldisfyrirætlanir íhaldsins afhjúpaðar. — Ólafur Thors hefði, ef hann hefði mátt ráða, sennilega leitt blóðbað yfir Reykjavík“.

Daginn eftir birti blaðið aðra grein, með jafn stórum fyrirsögnum, sem hljóðar þannig:

„Öll þjóðin fordæmir ofbeldisfyrirætlanir Ólafs Thors“.

Ög loks kom sá, sem kveða kunn, eins og þar stendur, þ. e. a. s. sjálfur formaður Framsóknarflokksins, og hann komst nú að orði á þessa leið: „... en höfuð sókn sína gerði ráðherrann þegar hann lýsti framkomu Ólafs Thors eftir 9. nóvember. Fimm vitni, fjórir lögregluþjón-

ar og einn fulltrúi vissu um skipun Ólafs til Hermanns um að draga saman lið og vopn gegn foringjum Alþýðflokksins. Ólafur ætlaði að láta þetta lið hefja einskonar nýja Sauðafellsför, brjótast inn í svefnherbergi Jóns Baldvínssonar, Stefáns Jóhanns, Haralds Guðmundssonar o. s. frv. taka þá á næturþeli og varpa þeim í dýflissu, og Sundhöllin átti að vera herstöð og fangabúðir, í köldum múrklefum, þar sem enginn menskur maður gat haldið lífi eða heilsu.

En hvað hirti Ólafur Thors um það“.

Ásökunin er: Fyrirætlanir um morð.

Hjer er þá þessum voða atburði lýst. Það er hvorki meira nje minna en það, að jeg hafi ætlað að láta taka fasta menn eins og Jón Baldvínsson og Har. Guðmundsson, sem raunar væ. þá austur á Seyðisfirði, og Stefán Jóhann Stefánsson, en enginn þessara manna hafði lagt hönd á lögregluna í sambandi við óeirðirnar 9. nóvember. Og þessum mönnum á jeg að hafa ætlað að varpa í fangelsi. Ekki nóg með það. Jeg á að hafa ætlað að geyma þá, eins og formaðurinn kemst að orði, „þar sem enginn menskur maður gat haldið lífi eða heilsu, fyrir kulda“! Þar er með öðrum orðum fullrytt, að jeg hafi beinlínis ætlað að myrða nokkra þjóðþekta menn, sem ekkert höfðu komið við þetta mál.

Jeg ætla ekki hjer, eða á þessum fundi, að gera að umræðuefni lögreglurannsóknina, sem forsætisráðherrann hefir fyrirskipað, eða þá hlið málsins, hvort hún á stoð í lögum eða ekki. Hinu fagna jeg eins og margir aðrir, að enda þótt ólögleg leið hafi verið farin í þessum efnunum, þá hefir það nú orðið til þess að upplýsa málið. Og nú er best að rannsaka hvað vitnin hafa sagt, og hvort þau hafa sannað það, að það sje jeg, sem hafi ætlað að handtaka þessa menn í sambandi við óeirðirnar 9. nóvember, og hvort það sje jeg, sem hafi ætlað að leigja Sundhöllina, og safna saman 400 manna varaliði. Þið hafið nú kannski mörg ykkar heyrt vitnaframburðinn, sem lesinn var upp í útvarpinu í gær, og jeg get þessvegna lát-ið mjer nægja að endurtaka

FRAMH. Á FIMTU SÍÐU.

Morgunblaðið

Útgef.: H. Árvakur, Reykjavík
 Stjórnari: Jón Kjartansson og Valtýr Stefánsson (Ábyrgðarmaður).
 Auglýsingar: Árni Óla.
 Ritstjórn, auglýsingar og afgreiðsla: Austurstræti 8. — Sími 1400.
 Áskriftargjald: kr. 2.00 á mánuði.
 Í gæmslu: 15 auru eintakið — 30 auru með Lesbók

FALSKI VERSLUNARJÖFNUÐ-
 URINN HEFNIR SÍN.

Það þurfti ekki nema fimm fyrstu mánuði þessa árs til að sanna, að það var allt satt og rjett, sem Morgunblaðið sagði í vetur um falsgýllingar Eysteins fjármálaráðherra og stjórnarblaðanna í sambandi við verslunarjöfnuðinn við síðustu áramót.

Morgunblaðið benti á, að hinn „hagstæði“ verslunarjöfnuður fjármálaráðherra væri falskur, því að hann væri fenginn með þessu tvennu móti:

1. Með því að seldar voru á síðastliðnu ári nál. allar framleiðsluvörur landsmanna, bæði eldri og yngri birgðir, svo að landið var þursausið um áramótin.
2. Með því að frestað var til þessa árs innkaupum á brýnustu nauðsynjavöru, sem nota þurfti þegar á byrjun þessa árs, og var því almenn vöruburð um áramótin.

Hagstofan hefir nýlega lokið við skýrslusöfnun um inn- og útflutninginn fyrstu 5 mánuði þessa árs.

Hvað sýna þessar skýrslur?

Þær sýna, að innflutningurinn hefir á þessu tímabili numið 18,3 milj. kr., en útflutningurinn 13,9 milj. króna.

Skýrslurnar sýna m. ö. o., að verslunarjöfnuðurinn hefir fyrstu 5 mánuði ársins verið óhagstæður um ca. 4,4 miljónir króna.

Skýrslur Hagstofunnar sýna enn fremur, að verslunarjöfnuðurinn er nú í ár um 3,2 milj. kr. óhagstæðari en á sama tíma í fyrra.

Loks sýna skýrslurnar, að innflutningurinn fyrstu 5 mánuði þessa árs er meiri en hann hefir þekurn tíma verið á sama tíma áustu 6 árin, og verður að fara á leið til Alþingishátíðarársins 1930, til þess að fá samanburð við innflutninginn í ár.

Skýrslur Hagstofunnar yfir inn- og útflutninginn 5 mánuði þessa árs sýna að innflutningurinn hefir farið 4,4 milj. kr. fram úr útflutningnum á þessu tímabili.

En þar með er þó ekki allt talið. Í þessum tölum Hagstofunnar eru ekki með taldar hinar svonefndu „ósjálegu greiðslur“, sem taldar eru öðrur svo í óhag, að nemi 8 milj. kr. yfir árið. Koma því 3—4 miljónir af þeirri fylgu á 5 fyrstu mánuði ársins.

Útkoman á 5 fyrstu mánuðum þessa árs er því sú, að verslunarjöfnuðurinn hefir orðið óhagstæður um 7—8 miljónir króna.

Hinn „hagstæði“ verslunarjöfnuður, sem fjármálaráðherra sýndi á pappírnum um áramótin síðustu, er þar með upp etinn — og miklu meira en það.

Hinn mikli innflutningur, sem

orðið hefir fyrstu 5 mánuði þessa árs, sýnir og sannar, að það var rjett sem Morgunblaðið sagði í vetur um vöruburðina um áramótin.

Fjármálaráðherra vildi sýna hagstæðan verslunarjöfnuð á pappírnum um áramótin. Þess vegna lagði hann svo fyrir, að höftunum skyldi beitt mjög strangt síðari hluta ársins sem leið. En af því leiddi aftur, að mikil vöruburð varð í landinu um áramótin.

Því miður eru ekki til opinberar skýrslur um vörubirgðir í landinu á áramótum. En samkvæmt skýrslum, sem Verslunarráðið hefir fengið hjá 6 helstu verslunum með skófatnað, 13 vefnaðarvöruverslunum og 4 með byggingarvörur, voru vörubirgðir þeirra yfir 2 milj. kr. minni við síðustu áramót en í árslok 1931, en þá voru höftin einnig farin að verka.

Af þessu geta menn sjeð að almenn vöruburð hefir verið í landinu um síðustu áramót. Nemur þetta sjálfsgert mörgum miljónum króna.

Hitt veit svo allur almenningur, hvaða afleiðingar það hefir haft á dýrtíðina í landinu, að ekki var leyft að kaupa inn brýnustu nauðsynjavöru, áður en aðalverðhækkunin skall á erlendis. Nauðsynjavaran, sem almenningur notar daglega, hefir frá miðju árinu sem leið hækkað í verði erlendis frá 30—100%, og að sama skapi hefir varan hækkað hjer heima.

Hinn „hagstæði“ verslunarjöfnuður Eysteins fjármálaráðherra er rokinn út í veður og vind á fyrstu 5 mán. ársins. Og meira en það — miljóna skuldir hafa safnast fyrir erlendis.

En í staðinn er komin óbærileg dýrtíð í landinu, ofan á fátækt, böll og atvinnuleysi.

Þetta eiga kjósendur að muna á sunnudaginn kemur!

Atvinnu óskar

25 ára gamall verslunarskólamaður, með ágætu prófi, hraustur og þrekmikill, vandaður og ábyggi-legur. Helst við verslun eða skrifstofustörf, en annars hvert starf sem er.

Tilboð sendist afgreiðslu blaðsins, merkt „Atvinna“.

Steindórsprent
 prentar fyrir yður
 Aðalstræti 4 • Sími 1175

EGGERT CLAESSEN
 hæstarjettarmálaflutningsmaður.
 Skrifstofa: Oddfellowhúsið,
 Vonarstræti 10.
 (Inngangur um austurdyr).

Nesodda-fundurinn.

FRAMH. AF ÞRIÐJU SÍÐU

aðeins kafla úr þeim vitnaframburði, og þá fyrst og fremst þá kaflana sem fjalla um sjálfan kjarna málsins.

Vitnin sanna lygarnar á ráðherrann.

Það er þá fyrst höfuð vitnið í málinu, setudómarinn Kristján Kristjánsson, sem Hermann segir að hafi beinlínis neitað mjer um að taka mennina fasta, og þar með komið vitinu fyrir mig. En hvað segir nú þessi Kristján Kristjánsson? Honum farast orð á þessa leið, og nú skal jeg lesa orðrjett upp, það sem bókað hefir verið eftir honum; í sjálfa rjettarbókina.

Vitnið (Kristján Kristjánsson) er þá spurt nánar um það, hvort dómsmálaráðherra hafi gefið því nokkur nánari fyrir-mæli en í skipunarbrjefinu fólst um framkvæmd rannsóknarinnar í einstökum atriðum, til dæmis um það að taka grunaða menn fasta. Þessu neitar vitnið. Það kveður Ólaf Thors, þáverandi dómsmálaráðherra og er slíkar fyrirskipanir hafa gefið, hvorki um handtökur eða annað, en kveður ráðherrann hafa sagt að hann treysti vitninu til að fara með það eins og vitnið teldi rjettast.

Þá er best að athuga hvað næsta vitni í málinu, Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn segir. Honum farast orð á þessa leið:

„Vitnið skýrir svo frá, að eins og kunnugt sje, hafi strax að afloknum bardaganum 9. nóv. 1932 verið kvatt saman aukalið til aðstoðar lögreglunni sem þá var mjög líðfa, vegna þeirra áverka, sem hún hafði hlotið í viðureigninni. Var það gert samdægurs samkvæmt fyrirlagi lögreglustjóra“!

„Út af þessu kveður vitnið lögreglustjóran hafa lagt svo fyrir, að undirbúa aukaliðsöfnun ef á þyrfti að halda, og undirbúa hann á þann hátt, að semja lista yfir menn, sem færir þættu til aðstoðar við lögregluna og var ákveðið, að því er vitnið best man, að liðið skyldi verða 400 menn ef til kæmi. Kveðst vitnið engin fyrir-mæli hafa fengið um þetta frá öðrum en lögreglustjóranum“.

„En það kveðst enga vitneskju hafa um ráðagerðir eða fyrirskipanir þar að lútandi af hálfu dómsmálaráðherra eða dómsmálaráðuneytisins og er ókunnugt um það, hvað ráðuneytinu og lögreglustjóranum kunnur að hafa farið í milli um það efni“.

Loks eru svo leiddir þrjú lögregluþjónar, sem að allir bera það, að liðssamdráttur hafi verið, og hafa þeir allir fengið sínar fyrirskipanir því viðvikandi frá yfirmönnum lögreglunnar í Reykjavík.

Það var Hermann en ekki Ólafur Thors.

Með þessum framburði vitnanna er þá sannað:

Í fyrsta lagi að það er rangt sem Hermann Jónasson segir, að Kristján Kristjánsson hafi neitað mjer um að taka fasta sökudólgana, því Kristján Kristjánsson ber það sjálfur, að hann hafi ekki neitað mjer um það, beinlínis vegna þess, að jeg hafi aldrei farið fram á það við hann. Í öðru lagi ber Erlingur Pálsson, að það sje ekki jeg, sem hafi gefið honum neinar fyrirskipanir, hvorki um að draga saman liðið, nje um að taka menn fasta, nje um að fá sundhöllina leigða, heldur er það annar maður, sem hefir beðið hann um þetta, en sá maður er sjálfur Hermann Jónasson. Eða með öðrum orðum, Hermann Jónasson lætur sjer ekki nægja að segja vísitandi rangt um það, að jeg hafi gefið þessar fyrirskipanir, og ráðast svo á mig fyrir það, að jeg hafi ætlað að stofna til blóðbaðs, heldur upplýsist það í málinu, að það sem hann notar til árása á mig í málinu, hefir hann gert sjálfur.

Mennirnir, sem Hermann Jónasson sagði að vissu hið rjetta í málinu, hafa nú allir sannað það fyrir rjetti, að þeir vissu um það. Þeir þekkja málið. Þeir mundu eftir því. Og það sem þeir þektu og mundu, var það, að Hermann Jónasson átti upptökin að, eða þátttöku í þeim verkum, sem Hermann Jónasson lýsir sem glæpaverkum, en ekki jeg, sem gert hafi tilraun til að stofna til blóðbaðs í höfuðstaðnum, heldur hitt, að það er Hermann Jónasson sjálfur, sem hefir gefið allar þær fyrirskipanir þessu varðandi, sem hann telur mig hafa gefið.

Enginn þorði að mæla Hermann bót.

Einu sinni kom það fyrir í breska þinginu, að þingmaður stóð upp og sagði, að forsætisráðherra Englands, hefði farið með ósatt mál. Forsætisráðherrann stóð þegar upp og sagði: „Hver dirfist að segja, að forsætisráðherra Englands segi ósatt. Þingmaðurinn var rekinn út úr þinginu, og varð síðar að biðja fyrirgefningar. Jeg leyfi mjer nú að spyrja: Er nokkur hjer inni, sem þorir að segja að forsætisráðherra Íslands hafi sagt satt? Sje nokkur, sem þorir það, bið jeg hann að segja til sín. (Allir sátu hljóðir eins og verið væri að kveða upp dauðadóm yfir forsætisráðherranum).

Nei. Í þessu máli er nú fullkomlega sannað, að forsætisráðherrann hefir sagt ósatt, og hann hefir sagt vísitandi ósatt.

Hversvegna segir ráðherrann ósatt?

Nú verða menn að gera sjer grein fyrir því, hvernig á þessu

geti staðið, hvernig geti á því staðið að Hermann Jónasson skuli reyna að þvo af sjálfum sjer þær ráðstafanir, sem hann gerði í sambandi við uppreisnina í Reykjavík 9. nóv. 1932.

Mönnum til skýringar, byrja jeg á að segja frá því, að þann 30. desember 1930, gerðu kommúnistar smávegis spell í sambandi við bæjarstjórnarfund í Reykjavík, og hlutust af nokkur meiðslí á lögreglunni, en þó mjög lítil, í sambandi við þau meiðsl, sem lögreglan hlaut í nóv. 1932. Þann 10. jan. 1930 skrifar Hermann Jónasson grein í Tímann, og miklast af að búið sje að taka foringjana, hina pólitísku foringja kommúnista fasta, setja þá í Steininn, og að tveir þeirra hafa verið úrskurðaðir í varðhald.

Þann 7. júlí 1932, gerðu kommúnistar aftur spell í sambandi við bæjarstjórnarfund í Reykjavík, birtir Tíminn þá grein um að það verði að berja niður óeirðarseggina, og að Hermann Jónasson sje rjettur maður til þess.

Þann 9. nóv. 1932, skeðu þeir atburðir, sem öllum eru ógleymanlegir sem að þá sáu. Skal jeg ekki fara út í það að öðru leyti en því, að minna á, að þá rjeðist múgurinn með æðisgengnum ofsa á lögregluna, og lauk þeirri viðureign þannig, að lögreglan lá nær öll, óvíg í sárum, enda höfðu margir ráðist á einn, og sumir barði með bareflum en aðrir með hnefum, meðan enn aðrir hjeldu þeim sem veridd var að berja, og komst enginn ómeiddur úr þeim hildarleik, nema Hermann Jónasson sjálfur, en hann var sem kunnugt er foringi lögreglunnar, og eftir hans fyrir-mælum hafði lögreglan lagt til orustu við hinn æðisgengna múg.

Það, sem nú þarfnast skýringar, er það, hvernig getur á því staðið, að maðurinn, sem að miklast af því að hafa varpað kommúnistunum í fangelsi, eftir smávegilegar óeirðir 1930, maðurinn, sem lætur blað sitt hæla sjer af því, að hann sje hinn rögg sami lögreglustjóri, sem geti barið niður kommúnistana 7. júlí 1932, að þessi maður, sem var foringi þeirrar lögreglu, sem var óvíg í sárum eftir árás múgsins 9. nóvember 1932, að þessi maður skuli nú endilega þykjast þurfa að þvo af sjer allan orðrómm um það, að hann hafi ætlað að taka þessa ofbeldismenn fasta. Og ekki nóg með það, heldur þykir honum lífið liggja við að koma þessum verknaði yfir á mig, og lætur svo blóð sín í sambandi við þetta, flytja daglega skrif um það, að jeg hafi ætlað að stofna til blóðbaðs, og ætlað að taka marga af helstu foringjum sósíalista, sem hvergi komu nærri ofbeldisverkunum, fasta, og eiginlega helst að drepa þá.

Hann er undir áhrif-
 kommúnista.

Jeg skal játa, að jeg taldi að

skýringin á þessu væri sú, að Hermann Jónasson hefði sagt þetta í fljótfærni, því hann er fljótfær maður, eins og allir vita. Úr því að hann svo einu sinni var búinn að segja þetta, þá myndi honum þykja manna-legast að renna ekki á málinu, og kaldhamri því á ósannindunum, úr því að hann einu sinni var búinn að segja þau. En eftir að jeg las grein forsætisráðherrans, sem birtist í blaði hans nú í gær, þar sem hann beinlínis segir frá því, að áður en hann lagði í leiðangurinn norður á Strandir, hafi hann verið búinn að athuga þetta mál, með það fyrir augum, að segja frá þessu, þá verður að leita nýrra skýringa á þessu. Og jeg hefi komist að þeirri niðurstöðu, að hjer sje ekki nema um eina frambærilega ástæðu að ræða, en hún er sú, að eitt af þeim skilyrðum, sem kommúnistarnir hafi sett Hermann Jónassyni, í þeim samningum, sem Framsóknarflokkurinn hefir, sem kunnugt er, gert við kommúnista, hafi verið það, að Hermann Jónasson gerði tilraun til þess að hreinsa sig af því, að hafa ætlað að handtaka upp-reisnarforingjana frá 9. nóv. 1932.

Jeg get ekki komið auga á neina aðra ástæðu fyrir framkomu forsætisráðherrans.

Jeg hefi orðið, vegna hins takmarkaða tíma, sem mjer er ætlaður til umræðna hjer á fundinum, að stikla á stærstu steinunum í þessu máli. Jeg vænti nú að fundarmenn hlusti nú með gaumgæfni á það, sem forsætisráðherrann hefir fram að færa sjer til afsökunar. En ef að það sannast í þessu máli, að forsætisráðherrann hafi vitandi sagt ósatt, og þá jafnframt látið blóð sína úthropa mig sem venjulegan glæpamann, fyrir verknað, sem hann veit að jeg ekki á neim þátt í, en hinsvegar hann sjálfur hefir borið alla ábyrgð á, þá vænti jeg þess að bændur skilji hver voði þjóðinni er þinn af forystu þess manns, sem afsalar æru sinni í hendur kommúnista fyrir nokkur hundruð atkvæði.

Ráðherrann leggur á flotta.

„Jeg er ekki ósannsögull“ (!)

Hermann Jónasson reyndi nú á alla lund að koma sjer hjá að svara þessari ræðu Ólafs Thors. Hann talaði í 35 mínútur, en lengst af talaði hann um annað, og skildu auðvitað allir það, að hann treysti sjer ekki til að koma fyrir sig vörn í málinu.

Í aðalatriðum voru varnir ráðherrans á þessa leið:

Það hefir nú margt verið borið á mig í stjórnmálanum, en jeg held að það hafi ekki komið fyrir hingað til, að rekku-ur maður hafi borið það á mig, að jeg væri ósannsögull. Alt sem jeg sagði um þetta mál á fundinum á Hólmavík er hverju orði sannara. Það vita allir, að það er Ólafur Thors, sem ætlaði að taka forystumenn verka-

Nesodda-fundurinn.

lýðsins fasta, og hann margtalaði um þetta við mig meðan hann var ráðherra, en jeg reyndi aftur á móti á alla lund að draga málið á langinn, til þess að fá frest í málinu, og reyna að afstýra þeim voða, sem jeg taldi að Ólafur væri að reyna að leiða yfir þjóðina með liðsamdrætti og handtökum. Tókst mjer þannig að tefja mál ið um hríð, þar til loks að jeg úrskurðaði sjálfur sjálfan mig úr málinu, þegar sýnt var, að Ólafur ætlaði að fara sínu fram. Þegar jeg var búinn að því, þá sýndi jeg ráðherranum fram á, að þar sem að jeg hefði nú úrskurðað mig úr málinu, þá kæmi ekki til mála, að jeg tæki neina fasta, og varð Ólafur að beygja sig fyrir því. Allir vita, að allar fyrirskipanir í þessu máli komu frá Ólafi Thors, og þær komu vitanlega til mín, en alls ekki til neins annars.

„Íhaldið stofnaði til óeirðanna“ (!)

Annars er saga þessa máls ekki fögur. Það var íhaldið sem stofnaði til þessara óeirða. Það gerði það á þann hátt, að særa verkamenn í bænum, sem þá voru margir atvinnulausir. Það lækkaði kaup hjá þeim lægstlaunuðu. fleiðingarnar urðu þær, að stofnað var til kröfugöngu í Reykjavík. Það var efnt til bæjarstjórnarfundar 9. nóvember. Það var gert alt til að æsa verkamenn og hátalarar voru hafðir á húsinu.

Af því, sem jeg hefi nú sagt, sjá allir, að alt sem Ólafur Thors hefir sagt, er rangt, og að alt, sem jeg hefi sagt um þetta mál er rjett, og svo þarf ekki að fjölyrða um þetta meira. Jeg veit að fundarmenn skilja þetta.

Klappliðið.

Þegar Hermann Jónasson hafði nú lokið þessari ræðu sinni, ef ræðu skyldi kalla, þá tók klapp-liðið frá Borgarnesi og einka klapp-lið Hermanns Jónassonar til óspiltra málanna, og klappaði honum mikið lof í lófa fyrir þessa frammistöðu. Var auðheyrt að Dalamönnum fanst þetta afrek klapp-liðsins talsvert meira heldur en afrek Hermanns Jónassonar, þegar hann var að verja sig í málinu.

Önnur ræða Ólafs Thors.

Ólafur Thors hóf nú að nýju sókn á hendur Hermann Jónassyni, og mælti í höfuð atriðum á þessa leið:

Forsætisráðherrann sagði, að það hefði aldrei komið fyrir, að honum hafi verið brigslað um ósannindi. Og sýnir þetta nú að minsta kosti að forsætisráðherrann telur vel fara á því, að forsætisráðherra Íslands sje ekki uppvis ósannindamaður. Jeg skal nú láta liggja milli hluta heilagleik Hermanns Jónassonar og sannleiksást hans, alt fram á þennan dag,

og raunar alt fram á þennan fund, og raunar alt fram á þá stund er hann hóf þá ræðu, er hann nú var að enda. En hafi hann verið sannleikanum trúr til þess tíma, þá hefir þessi fyrsta hrösun hans orðið því eftirminnilegri, svo sem nú skal sýnt.

Það er þá fyrst að Hermann Jónasson segir, að jeg hafi beinlínis fyrirskipað Kristjáni Kristjánssyni að hann tæki fasta sökudólgana frá blóðbaðinu 9. nóvember, en Kristján hafi neitað því. En það er nú upplýst í málinu, með vitnisburði Kristjáns Kristjánssonar sjálfs, að því fer svo fjærri, að Kristján hafi neitað þessu, að jeg hefi ekki svo mikið sem þminst á það við hann með einu orði.

Næst segir Hermann Jónasson að jeg hafi fyrirskipað að draga saman 400 manna lið, fá leigða sundhöllina, og geyma þar í fangaherbúðum forystumenn Alþýðuflokksins. Tekur forsætisráðherrann það fram, að Erlingi Pálssyni sje kunnugt um alt þetta. Þegar svo hinn sami Erlingur Pálsson er leiddur sem vitni, þá skýrir hann frá því, að honum sje með öllu ókunnugt um allar slíkar fyrirætlanir frá minni hendi, en hinsvegar sje honum kunnugt um það, að Hermann Jónasson hafi sjálfur ætlað að taka þessa menn fasta, og að það sje Hermann, sem hafi beðið Erling Pálsson um að fá leigða Sundhöllina í þessu skyni. Hjer hefir því haninn galað í annað sinn í þessu máli á þessum fundi, og forsætisráðherrann orðið að þola að verða ósannindamaður í „annað sinn“ á æfinni.

Bæði eru nú þessi ósannindi þannig, að hugsast gæti að einhverjir fundarmanna, sem vel trúa sakleysi, sannsögli og hreinleik forsætisráðherrans, ámti nú að þessi Kristján Krsitjánsson og Erlengur Pálsson sjeu að skrökva þessu fyrir rjetti, því að forsætisráðherra Íslands segja aldrei ósatt. En til þeirra manna sjerstaklega, vil jeg þá nú beina máli mínu, og vita hvort þeir þá ekki öðlast fullan skilning á þessum sakleysingja sem hjer kemur fram í gerfi forsætisráðherra. Jeg ætla þá aðeins að leiða athýgli að þeim orðum, sem forsætisráðherra áðan sagði, þegar hann var að skýra það fyrir fólkinu, að til þess að forðast þetta fyrirhyggjuleysi mitt, og koma fyrir mig vitinu, þ. e. a. s. að bægja mjer frá því að láta kalla saman alt þetta lið, og taka alla þessa menn fasta, þá hafi hann grip-ið til þess úrræðis, sem er háttur margra hygginna manna, að draga málið og draga á langinn. Hann hafi verið í mestu vandræðum með mig, sem þá hafi verið yfirmaður hans, og ekki getað beitt öðrum ráðum en þessum, þ. e. a. s. að draga málið á langinn. Þar til svo loksins að hann finnur, að

þolinmæði mín er að bresta, en þá finnur hann upp það snjallræði, að úrskurða sig úr málinu, þá geti hann ekki tekið fasta þessa menn.

Eftir þessari frásögn ráðherrans hefi jeg sem dómsmálaráðherra í marga daga verið að reyna að þvinga hann sem lög-reglustjóra til allra þessara ófremdarverka, en hann segist hafa beitt því ráði að draga málið á langinn, þangað til loksins að hann varð að grípa til þess að „úrskurða sig úr málinu“, til þess að koma sjer undan að verða verkfæri í minni hendi til óháfu verksins.

Hinar skjallegu sannanir. Hermann fór 12. nóv. Ólafur tók við 14. nóv.

Og nú vil jeg biðja þá, sem best treysta forsætisráðherranum, að taka nú vel eftir því, sem jeg hefi að segja. Það er ekki langt, en það er ákaflega skýrt. Jeg er hjerná með Lögbirtingablaðið í annari hendinni, en í hinni hendinni held jeg á rjettarrannsókninni í þessu máli. Rjettarrannsóknin er milli 100 og 200 síður, en á annari síðu, sem jeg bregð upp fyrir ykkur, er úrskurðurinn, þar sem Hermann Jónasson úrskurðar sig úr málinu, og þessi merkilegi úrskurður er dagsettur þann 12. nóvember. Þann 12. nóvember, bið jeg ykkur að athuga. Nú, ef litið er svo í Lögbirtingablaðið, sem jeg held hjer á, þá er þar tilkynning um það hvenær jeg hafi tekið við dómsmálaráðherraembættinu. Og þar stendur, að jeg hafi tekið við því þann 14. nóvember. Þann 14. nóvember, bið jeg ykkur að athuga. Eða með öðrum orðum, jeg tek við ráðherraembættinu 2 dögum eftir að forsætisráðherra, þáverandi lögreglustjóri, hefir úrskurðað sig úr málinu.

Hvað segja menn nú um þennan söguburð ráðherrans? Hvað segja menn nú um alla þessa fræknu tilraunir ráðherrans til að leika á mig, þar sem hann í marga daga þykist hafa verið að draga málið á langinn, þangað til hann loksins fann upp það snjallræði, til að koma sjer undan fyrirskipunum mínum sem dómsmálaráðherra, að úrskurða sig úr málinu? Hvað segja menn nú um þetta, sem er skjallega sannað? Hann er búinn að úrskurða sig úr málinu 2 dögum áður en jeg varð ráðherra. — Hjer hefir haninn sannanlega galað í þriðja sinn. Og Hermann Jónasson í þriðja sinn orðið uppvis að því að segja ósatt á sinni stuttu æfi. Í þriðja sinn. Nei, það er nú öllum ljóst, sem hjer eru víðstaddir, að hvað sem liður sannleiksást Hermanns Jónassonar fram á þennan fund, þá hefir hann nú á þessum fundi, í þessu sama máli, sagt þessi þrenn ósannindi, svo að jeg reki það nú ekki lengra, og meðal annars verið svo óheppinn að gerast ber að ósannindum, sem jeg hefi

skjallega sannað að eru bein, ótvíræð og vísitandi ósannindi.

Hinn varnarlaus ósannindamaður.

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að Hermann Jónasson, sem er lærlingur Jónasar Jónssonar, hefir lifað í þessu máli, og mörgum öðrum, eftir boðorði Jónasar Jónssonar, sem honum var kent sem lærlingi, að á slíkum fundum sem þessum, þá sje það oft nauðsynlegt að ljúga vísitandi. En menn megi bara aldrei gera sig seka um það að segja þannig ósatt, að það komist upp á sama fundinum. Hitt geri ekkert til, þó að það komist upp seinna. En Hermann Jónassyni hefir orðið það á, að muna fyrri hluta þessara upplýsinga Jónasar Jónssonar, en gleyma seinni hlutanum. Það er nú það, sem hann hefir fallið á í þessu máli á þessum fundi, eins, og hann raunar hefir nú fallið á þessu máli hjá alþjóð.

Að lokum sagði svo forsætisráðherrann, eins og hann orðaði það, að það væru Sjálfstæðismenn, sem hefðu stofnað til óeirðanna. Og rökin fyrir því voru þau, að bæjarstjórn Reykja víkur hafi ekki viljað ganga inn á kröfu, sem kommúnistar töldu rjettmætt að ganga inn á. Jeg skal nú ekki fara langt út í þetta mál, en jeg vænti að bændur skilji það, hvernig komið er fyrir Framsóknarflokknun, þegar Hermann Jónasson á opinberum fundi í hreinræktuðu bændakjör dæmi leyfir sjer að lýsa því yfir, að það sjeu valdhafarnir í landinu, sem stofni til óeirða, ef þeir standi gegn kröfum kommúnista. Það er laglega komið í landinu, ef kommúnistarnir vita það, að þeir þurfa ekki annað en að gera kröfu, til þess með því að koma sínum vilja fram, því hver sá, sem beitir sjer gegn þeirri kröfu, þ. e. a. s. beiti sjer gegn þeim ráðstöfunum, hvort heldur að það er ofbeldi eða annað, sem kommúnistarnir beita til að koma slíkum kröfum fram, hann beri ábyrgð á öllu, sem hlýst af því að standa gegn slíkum kröfum, og það sje þannig alls ekki sá, sem truflar fundarfríð bæjarstjórnar Reykjavíkur eða Alþingis, með gauragangi og barsmíðum, sem eigi neina sök á því, hvort menn eru limlestir eða jafnvel drepnir, heldur sje það hinn, sem sje ábyrgur, þ. e. a. s. valdhafinn í landinu, sem hafi neitað að verða við þeim kröfum, sem kommúnistar hafa borið fram og gera þessi spellvirki út af.

Jeg veit að bændur taka hart á vísitandi ósannindum forsætisráðherrans. Jeg veit líka, að bændur þora ekki lengur að trúa þeim manni fyrir völdum, sem hefir þessar lífsskoðanir, sem Hermann Jónasson hjer hefir sýnt að hann hefir.

Þetta, meðal annars, verður til þess, að af Framsóknarflokknun mun hrynja kjörfylgið, því að bændur landsins sætta sig aldrei við það, að valdhafarnir eigi að verða viljalaus verkfæri í höndum skrílæðis.

Bágborin tilraun til varnar.

Hermann Jónasson gerði nú enn tilraun, að vísu mjög vesæla tilraun, til að bera hönd fyrir höfuð sjer í þessu máli. Og fórust honum orð sem næst á þessa leið:

Það þýðir ekkert fyrir Ólaf Thors að þræta fyrir það, að það var íhaldið, sem kom af stað þessum óeirðum. Það ætlaði að lækka kaupíð, og það ljet setja upp hátalara til að æsa fólkíð, og var enginn vafi á því, að tilgangur íhaldsins var sá, að stofna til þessara óspekta til að koma í veg fyrir að kveðinn væri upp dómur yfir Magnúsi Guðmundssyni. Jeg vil biðja menn að athuga það, hvernig stendur á því, að Ólafur Thors hefir ekki látið nægja að vitnaframburðurinn væri lesinn upp í útvarpið, heldur er hann að láta útbýta blöðum, Ísafold og Morgunblaðinu, hjer á fundinum. Hvernig stendur á þessu? En það þýðir ekkert fyrir Ólaf Thors að neita því, af því að það trúá mjer allir um það, að það var hann, sem skipaði mjer fyrir verkum dagana eftir 9. nóvember, og vita það allir. Ólafur Thors sagði það upp í stjórnarráði, og þar margtöludum við um það hvern daginn eftir annan, og það var Ólafur Thors, sem bar alla ábyrgð á því, en það var jeg, sem reyndi að koma vitinu fyrir hann í þessu máli, og tókst okkur Kristjáni Kristjánssyni það að lokum, eins og líka sjest af vitnaframburðinum.

En fundarmenn mega skilja það best, hvernig maður Ólafur Thors er og hvernig flokkur hans er. Það var íhaldið, sem ljet hafa hátalara og ljet sína verst þokkuðu menn halda ræður, til þess þannig að æsa upp rólegan verkalýðinn. Og allt hugarfar Ólafs Thors í garð verkalýðsins geta menn best skilið á því, að hann var að nefna þessa menn skrifl. Þetta voru rólegir og stiltir verkamenn, og það var íhaldið, sem hafði æst þá upp til ódáða. Þetta hugarfar Ólafs til verkalýðsins skýrir betur aðstöðu íhaldsins í landinu heldur en flest annað, og einmitt þetta tal hans um skriflín sýnir hvað best, hvað það var, sem hann sjálfur vildi 9. nóvember, og það sýnir og sannar best, að það var einnig Ólafur, sem ætlaði að láta handtaka mennina, og gaf allar fyrirskipanir í málinu, en jeg vildi ekki láta taka höfðum höndum á þeim, sem höfðu orðið fyrir æsingum íhaldsins í þessu máli. Jeg þarf að öðru leyti ekki að segja neitt um þetta má meira, en jeg vonast til að menn hlusti á útvarpsmæðurnar. Þá skal jeg sýna alþjóðmanna, hvað það er, sem Ólafur Thors fer með í þessu máli.

Skipun: „Klappið“.

Jegar Hermann Jónasson hafði lokið þessari ræðu sinni var steinhljóð í salnum. Hann setust snöggvast niður, en stóð upp aftur og beið átektá.

Alt í einu heyrðist þá kallað frammi í salnum: Klappið! — Bruust þá út mikið klapp, en

Nesodda-fundurinn.

heldur ekki fyr, því klappliðið átti erfitt með að átta sig á því, að Hermann hefði lokið vörn sinni í málinu.

Aðfarirnar 9. nóv.

Ólafur Thors svaraði nú þessari síðari ræðu forsætisráðherrans, og sagði meðal annars:

Jeg geri ráð fyrir, að fundarmenn telji þetta útrætt mál. Jeg geri ráð fyrir, að síðari ræða forsætisráðherrans hafi sannfært alla fundarmenn um það, að í þessu máli er engar varnir hægt að færa fram. Jeg gæti nú í sjálfu sjer látið útrætt um málið, en ætla þó að gera athugasemd við eitt atriði í ræðu ráðherrans, þ. e. a. s. allar hans löngu hugleiðingar um það, að jeg kalli verkalýðinn í Reykjavík skrifl. Það, sem jeg sagði, var það, að framkoma uppreisnarmanna 9. nóvember hafði verið skriflæði. Og jeg skal vel ganga inn á það, að það hafi verið skrifl, sem þar var að verki. Það er ekki jeg, sem geri verkalýðnum í Reykjavík þá skömm, að fara út um bygðir landsins og láta sem hann, verkalýðurinn í Reykjavík, hafi átt hjer hlut að máli. Slíkt fer mjög fjarri. Hjer voru að verki æstustu kommúnistar bæjarins, og aðrir þeir menn, sem hegðuðu sjer þannig, að ómögulegt er að komast hjá að titla þá og þeirra framferði sem skrifl. Jeg skal viðurkenna, að mínar upplýsingar um innræti þessara manna og hugarfar hefi jeg eingöngu frá framkomu þeirra þennán dag, því jeg þekki fæsta af þessum mönnum persónulega. En jeg hefi gaman af að lofa bændunum að heyra sumt af því, sem gerðist þennan dag. Jeg skal t. d. lesa upp úr prófunum í málinu lýsingu á því, hvernig þessi skrifl ljek lögregluna, sem var að vernda bæjarstjórn Reykjavíkur að löglegu fundarhaldi, og jeg vil minna á það, að skriflín rjeðist þannig á lögregluna, að það voru margir, sem rjeðust á einn, og að sumir börðu með höndum, en aðrir með bareflum, þar á meðal stólfótum, meðan enn aðrir hjeldu þeim, sem verið var að berja, og voru sumir barðir meðvitundarlausir. En nú skal jeg lesa upp úr prófunum læknisvottorðin og lýsingu lækna á meiðslunum, sem að lögregluþjónarnir hlutu:

Hinir særðu.

Jakob Björnsson handleggsbrotinn. Sigtryggur Eiríksson fjekk alvarlegan áverka á baki. Matthías Sveinbjörnsson særður á enni og báðum handleggjum. Þórður Ingimundarson stórt djúpt sár á höfði. Guðbjörn Hansson langur skurður inn að beini á höfði og fleiri áverkar á höfði og á hægri handlegg. Magnús Hjaltested hlaut alvarleg sár og leið langvarandi veikindi af margskonar meiðslum. Jeg skal taka það fram, að hann er enn sjúkur, og verður ef til vill aldrei jafn góður. Pálmi Jónsson hlaut tvönn höfuðsár og fleiri meiðsl.

Magnús Eggertsson fjekk meiðsl á höfuðið og sprungu á hægri herðablaði. Margrímur Gíslason fjekk stórt sár á mitt ennið. Ágúst Jónsson marinn á vinstri öxl og höfði. Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn mjög mikið marinn á hægri handlegg og höfði, fjekk stórt og djúpt sár ofan á höfuðið. Sveinn Sæmundsson hlaut tvö slæm sár á höfði. Matthías Guðmundsson hlaut áverka á höfði og hægri framhandlegg og varð einnig fyrir fl. meiðslum. Stefán Thorsarenen hlaut djúpan og langan skurð ofan á höfðinu og mar á vinstra handlegg. Geir Sigurðsson lögregluþjónn hlaut alvarleg meiðsl á hægri öxl og framhandlegg, einnig á hálsi og á höfði langan skurð. Sigurður Ingvarsson hlaut sár aftan á hægri herðablaði og fleiri meiðsl. Kristján Jónasson hlaut meiðsl á baki og herðum. Magnús Sigurðsson hlaut nefbrot af feikna högg milli augnanna. Sigurður Gíslason hlaut sár á höfði og einnig á vinstri hendi. Björn Vigfússon hlaut áverka á kviðarholið, fjekk mjög mikla verki og uppköst og var lengi veikur.

Þetta er nú lýsingin á þeim áverkum, sem lögreglan, þ. e. a. s. lögregluþjónar Hermanns Jónassonar hlutu þennan dag, þegar skriflín rjeðist á þá. Þetta er meðferðin, sem lögreglan hlaut, þegar hún var að verja fundarfrið bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, og þegar hún samkvæmt beinni fyrirskipan Hermanns Jónassonar rjeðist til útgöngu. Og það eru þessir áverkar, sem Hermann Jónasson vill láta ykkur halda að lögreglan hafi fengið frá, eins og hann kallar það, rólegum verkalýði í Reykjavík.

Jeg þarf nú ekki fleiri skýringar á þessari hlið málsins. En jeg ætla að endurtaka það sem jeg áðan sagði, að jeg þekki ekki þessa menn, og þeirra innræti, og gat þess vengja ekki haft neinn rjett til að kalla þá skrifl, fyr en jeg hafði lesið lýsingarnar í prófunum á þessu framferði þeirra, og áverka sem að lögreglan hlaut. En Hermann Jónasson, hann þekkir þessa menn áður heldur en þeir rjeðust á lögregluna, því að meðan fundurinn stóð yfir, og meðan ærsl og gauragangur var inni í húsinu, þá var það sem að Hermann Jónasson, áður en baráttan komst út á götuna, fyrirskipaði lögreglunni að ráðast á þetta fólk,

sem hann kallar nú rólegan verkalýð.

Hermann: „Berjið, berjið!“

Nú skal jeg lesa upp úr prófunum hvað Stefán Jóhann Stefánsson og Hjeðinn Valdimarsson segja um lögreglustjórnann í þessu sambandi: Þeir segja báðir að hann hafi gefið lögreglunni skipun um að ráðast á fólkíð með bareflum. Stefán Jóhann segir að lögreglustjórnin hafi æpt upp: Einn tveir áfram, ryðjum salinn — berjum. Þetta er á bls. 72 í prófunum. En Hjeðinn Valdimarsson, hans skýrsla er á bls. 77, segir að lögreglustjórnin hafi einnig skipað og hrópað: áfram, áfram berjið, berjið. — ryðjið salinn.

Þetta er þá skýrsla sem sýnir hvað Hermann Jónasson fyrirskipaði áður en lögreglan var særð. Hann er hjer að reyna að telja ykkur trú um að hann hafi æpt „berjum, berjum, berjum“, „rólegan verkalýð“.

Jeg get nú látið útrætt um þetta mál. Hermann Jónasson slapp að vísu sjálfur ómeiddur frá bareflum kommúnistanna 9. nóv. 1932. En jeg geri ráð fyrir að þeim sem er ant um æru forsætisráðherrans, sje ljóst, að hún hefir ekki sloppið ómeidd af þessum fundi, og skal ekki sleppa ómeidd frá blaðaskrifum og umræðum um þetta mál.

Framkoma hans í þessu máli er honum sjálfum til háborinnar minunar, og því miður þannig, að öll þjóðin verður að bera kinnroða fyrir forsætisráðherrann. Eina huggun manna í þessu máli er sú, að þeir þurfi ekki lengi að búa við þennan mann í forsætisráðherrastólnum, því nú gefst tækifæri til að losna við hann með kosningunum 20. júní, og jeg efa ekki að bændur landsins yfirleitt leggi lið sitt til þess.

Ráðherrann flúði áður fundi lauk.

Mjög bar á því að þeim fáu Framsóknarmönnum, sem voru á fundinum, leið illa meðan á umræðunum stóð, og næstum því eins illa og forsætisráðherrann sjálfum, og bar hann það þó með sjer oft og einatt, að hann var orðinn all-órólegur og þungur á svipinn, og því tóku menn alment eftir, að enginn af hjeraðsmönnum tók undir lófaklappið fyrir ráðherrann, en aftur á móti voru ræður andstæðinga hans goldnar með sterku lófaklappi, og var þá venju

lega tekið fram af fundarmönnum, að það væru Dalamenn sjálfir sem nú klöppuðu.

Forsætisráðherrann vjek af þessum fundi nokkru áður en honum lauk, og eftir því sem hann sagði, vegna þess að vöxtur var að hlaupa í árnar þar vestra. En þó komust þeir heilir á húfi heim, sem biðu fundarloka, og kvöddu fundarmenn í ró og næði, svo að grunur nokkur leikur á að ráðherrann hafi feginn viljað komast undan frekari ádeilum, og verður víst að játa að honum er vorkunn.

FJÁRMÁLAÁSTANDIÐ Í FRAKKLANDI.

FRAMH. AF ANNARI SÍÐU. Þreytti um stefnu, ef hún sæi, að þess gerðist þörf, „en hvernig á nokkur að setja traust sitt til þeirrar stjórnar sem bara skiftir um stefnu, þegar sú fyrri bregst?“ spurði Flandin. „Getur maður búst við, að síðari stefnan reynist betur en sú fyrri?“

UPPREISNARMENN VIÐ BILBAO.

FRAMH. AF ANNARI SÍÐU. Höfðingja sveitanna er mynduðu „Járnhringinn“. Þá segjast þeir hafa tekið fimtán-vagna bifreiða flutningalest.

Ávarp Baskastjórnar.

Baskastjórnin hefir birt opinberlega ávarp til Breta, og hinna 23 þjóða er standa að hlutleysissáttmálanum. Hún kallar stríðið á Spáni árasarstríð af hálfu fascista, Þjóðverja, Ítala og Mára, og lætur í ljósi undrun sína yfir því, að þjóðir, sem telja sig vini lýðræðisins, skuli, í nafni hlutleysisins halda verndarhendi yfir óvinum lýðræðisins á Spáni með óskiljanlegu flóknu viðræðukerfi, og á þann hátt raunverulega skipa sjer við hlið þeirra, sem sendi inn á Spán morðvopn og menn til þess að eyða þjóðinni.

Table with 2 columns: Item name and Price. Items include Matarstell 6 manna (22.50), Skálasett 6 st. (5.50), Skálasett 5 st. (4.00), Ávaxtasett 6 manna (4.50), Matardiskar djúpir og gr. (0.50), Deserterdiskar postul. (0.35), Ávaxtadiskar (0.35), Matskeiðar riðfriar (0.75), Matargafflar riðfriar (0.75), Teskeiðar riðfriar (0.35), Sykursett postulín (1.50), Áleggfsföt (0.45).

Alt með gamla lága verðinu. K. Einarsson & Björnsson

Björn Kristjánsson stórkaupm. Hamborg, er væntanlegur til landsins með e.s. Goðafoss á morgun. Verður til viðtals á Hótel Borg næstu daga.

Advertisement for NATHAN & OLSEN featuring the word 'HAFRAR' and illustrations of horses.